

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 22. grein laga nr. 117/1985 um geislavarnir, öðlast gildi frá og með birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. febrúar 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 121

19. febrúar 1988

## AUGLÝSING

### um friðland í Herdísarvík.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa jörðina Herdísarvík, Selvogshreppi, Árnassýslu og er hún friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi:

Að vestan bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells (x-682760,0 y-390000,0) sunnan við Grindaskörð, í Sýslustein (x-692533,8 y-378925,4) undir Geitahlíð og þaðan bein lína til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi (x-692603,2 y-376523,0).

Að austan bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells í Breiðabás.

Að sunnan 250 m út frá neðri fjörumörkum.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er óheimilt án leyfis Náttúruverndarráðs.
2. Gangandi fólki er heimil för um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra í engu í bága við tilgang friðlýsingar.
3. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða skaða varp.
4. Beit búfjár er óheimil innan girðingar í Herdísarvíkurlandi.
5. Notkun skotvopna er óheimil í friðlandinu.
6. Náttúruverndarráði er heimilt að takmarka umferð um ákveðna hluta friðlandsins á ákveðnum tímum.

Sérstök nefnd er Náttúruverndarráði til ráðuneytis um málefni friðlandsins og skal hún þannig skipuð að Háskóli Íslands, náttúruverndarnefnd Árnassýslu og Náttúruverndarráð tilnefna einn fulltrúa í nefndina og er fulltrúi Náttúruverndarráðs jafnframt formaður nefndarinnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarлага.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 19. febrúar 1988.*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

Fylgiskjal.

